

# Ársskýrsla 2021




VÍSINDAGARÐAR  
HÁSKÓLA ÍSLANDS









„Lykillinn að bættum lífsgæðum og fleiri tækifærum er að hugvitið verði stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar“.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir,  
ráðherra nýsköpunar

„Vísindagarðar Háskóla Íslands eru  
suðupottur nýsköpunar sem leiðir  
framþróun og skapar virðisauka  
fyrir land og þjóð“.





# Þetta helst á árinu 2021

Árið 2021 var um margt viðburðaríkt í starfi Vísindagarða Háskóla Íslands eins og víðast hvar í samfélaginu þar sem heimsfaraldurinn setti svip sinn á starfið. Helstu áhrifin voru þau að sum verkefni drógust á langinn, m.a. uppbygging nýsköpunarsamfélagsins í Grósku, sem þó fór af stað um haustið - og þá af krafti, enda fólk orðið langþreytt á að vera heima. En þrátt fyrir Covidár var ýmsu komið í verk og hér á eftir fer það helst í starfsemi Vísindagarða árið 2021.



## Ný stjórn

Talsverð endurnýjun varð á stjórninni þegar þau Eva Sóley Guðbjörnsdóttir og Guðmundur Hafsteinsson gengu úr stjórn og inn komu þau Linda Jónsdóttir og Kristinn Aspelund. Ásamt þeim sitja í stjórn Margrét Helga Ögmundsdóttir, Óli Jón Hertervig og Sigurður Magnús Garðarsson sem er formaður. Starfsfólk Vísindagarða er Hrólfur Jónsson framkvæmdastjóri og Elísabet B. Sveinsdóttir markaðs-og kynningarstjóri.



**„Bókvitið verður svo sannarlega í askana látið. Háskóli Íslands er einn af lykilþátttakendum í nýsköpunarumhverfinu hér á landi og með nýrri stefnu okkar, HÍ26 þunga áherslu á nýsköpun.“**

Jón Atli Benediktsson, rektor HÍ



## Ný stefna Vísindagarða

„Vísindagarðar Háskóla Íslands eru suðupottur nýsköpunar sem leiðir framþróun og skapar virðisauka fyrir land og þjóð“.

Í byrjun árs hófst stjórnin handa við að endurskoða stefnu Vísindagarða. Til var stefna í drögum sem hafði þó ekki verið kláruð endanlega eða samþykkt formlega. Úr varð ný stefna, hlutverk og framtíðarsýn auk þess sem nokkur lykilmörkmið voru sett og helstu verkefni kortlögð. Með þessum stefnudrögum hófst vinna með fjölmörgum aðilum innan háskólans auk fólks úr atvinnulífinu.

Hlutverk Vísindagarða er að vera tengslatorgnýsköpunar á Íslandi og framtíðarsýnin suðupottur nýsköpunar sem leiðir framþróun og skapar virðisauka fyrir land og þjóð. Guðrún Ragnarsdóttir, ráðgjafi frá Strategíu, leiddi vinnu við stefnumótun ásamt stjórn og starfsfólki Vísindagarða.

Stjórn Vísindagarða samþykkti nýja stefnu í júní og kynnti í kjölfarið eigendum. Vinna við stefnuna hefur skerpt mjög á ákvarðanatöku stjórnar og er það mat hennar að vel hafi tekist til.



## Alvotech

Í byrjun árs hófst uppbygging annars áfanga hátækniseturs Alvotech. Fyrsta skóflustungan var tekin 30. desember 2020 og ári síðar var uppsteypa hússins langt komin. Í nýju húsi verður 400 fermetra aðstaða fyrir Háskóla Íslands, tilraunastofur o.fl. og hefur starfshópur skipaður fólki úr HÍ og Alvotech unnið að þarfagreiningu fyrir húsnæðið.

Vísindagarðar munu gera leigusamning við Alvotech þegar nær dregur opnun þessa nýja áfanga en gert er ráð fyrir að það verði í lok árs 2022.





## Gróska

Smátt og smátt hefur aukið líf færst í hugmyndahúsið Grósku. Heimsfaraldurinn seinkaði framkvæmdum í húsinu en búast má við að húsið verði komið í fulla notkun á árinu 2022. Kjölfestuleigjandi hússins, CCP, en einnig námsbraut í tölvunarfræði við HÍ í ágúst 2021.

Margvísleg sprotafyrirtæki hafa komið sér fyrir á 2. hæð þar sem m.a. Fjártækniklasinn hefur aðsetur.

Á fjórðu hæðinni er auglýsingastofan Brandenburg, skrifstofa Novatorsauk Íslandsstofu sem flutti inn í lok ársins. Á jarðhæðinni er World Class með vinsæla líkamsræktarstöð, reyndar þá næst mest sóttu innan stöðvakeðjunnar. Þá er einnig á jarðhæðinni stór ráðstefnusalur og síðast en ekki síst MÝRIN, nýsköpunarsetur Vísindagarða.

Því er við að bæta að á fyrstu hæðinni er fyrirhugað að opna mathöll og kaffihús í maí 2022 og má gera ráð fyrir að þá springi þetta magnaða samfélag út.

Jafnvel þó að árið hafi markast af Covid-19 og samgöngutakmörkunum hefur fjölbreytt dagskrá og margir viðburðir farið fram í húsinu. Samhliða því hefur samstarf Grósku og Vísindagarða verið að þróast. Húsið gegnir stóru hlutverki í því markmiði garðanna að byggja upp kraftmikið tengslatorg nýsköpunar. Í lok ársins hélt Klak magnaða vísindaferð þar sem Gulleggið var kynnt en um 600 manns sóttu viðburðinn. Hér eru um að ræða fjölmennustu vísindaferð sem haldin hefur verið á Íslandi.







## Vísindagarðasvæðið

Litlar breytingar urðu á svæðinu sjálfu árið 2021. Vegna skipulagsbreytinga þurfti að fjarlægja rampa sem tengdir voru bílastæðum Íslenskrar erfðagreiningar. Unnið var að gerð bráðabirgðabílastæða á lóðum milli Ingunnargötu, Bjargargötu, Sturlugötu og Eggertsgötu. Deiliskipulag setur þau skilyrði fyrir notkun lóðanna sem bílastæða að á þeim sé gjaldskylda. Jafnframt er það forsenda fyrir því að bílakjallari í Grósku og bílakjallari Vísindagarða í húsi FS geti borið sig að gjaldskylda sé á stæðum á yfirborði. Í samstarfi við Grósku ehf. var gerður samningur við fyrirtækið Gulan bíl um rekstur gjaldtökubúnaðar fyrir allt svæðið.

Í lok árs var rammaskipulag svæðisins samþykkt, en framkvæmdastjóri Vísindagarða hefur tekið virkan þátt í þeirri vinnu sem sýnir m.a. legu Borgarlínu. Hún mun fara um Eggertsgötu og verður biðstöð við lóð B á svæði Vísindagarða, á milli Norræna hússins og Öskju. Þá stóð til að Menntavísindasvið kæmi inn á svæðið en með kaupum á Hótel Sögu verður ekki af því. Það er því ljóst að hefja þarf vinnu við breytingar á deiliskipulagi Vísindagarða og hafa deiliskipulagshöfundar ASK-arkitektar tekið fyrstu skref í þeirri vinnu. Hugsa þarf hlutverk byggingar við Jónasartorg, á miðju svæðinu, upp á nýtt, tengingu við Borgarlínu og gönguleiðir í nýju rammaskipulagi auk fleiri þátta.

Þá má geta þess að á árinu var unnið að því að koma fyrir stóru listaverki sem er í eigu CCP á lóð Grósku ásamt því að finna stað fyrir afhendingarstöð vegna netverslunar Piccalo sem getur hugsanlega komið í stað lágvöruverslunar á svæðinu.

Unnið hefur verið að endurskoðun samninga um lóðir Vísindagarða við Reykjavíkurborg frá 2014 og 2017 og er þeirri vinnu ekki lokið. Jafnframt var gerður samningur um tímabundna aðstöðu fyrir leikskóla á lóðinni við Eggertsgötu. Þá voru hús Reykjavíkurborgar á sömu lóð nýtt til rannsókna í jarðvísindum.

Talsverð vinna var lögð í viðskiptamódel fyrir dýratilraunasetur á Vísindagörðum, en Lífvísindasetur Háskóla Íslands óskaði eftir samstarfi við Vísindagarða um slíkt. Niðurstaða stjórnar varð sú að tengja þessar hugmyndir við vinnu við Djúptæknikjarna sem fyrirhugaður er á svæðinu.

Í samræmi við stefnu Vísindagarða og áherslur næstu þriggja ára ákvað stjórnin að skoða möguleika á um 12.000 fermetra byggingu á Vísindagörðum í eigu í eigu garðanna sjálfra sem myndi hýsa áðurnefndan Djúptæknikjarna auk þess sem fyrirtækjum byðist að leigja þar aðstöðu. Ráðinn var ráðgjafi, Hans Guttormur Þormar, til að vinna að verkefninu ásamt framkvæmdastjóra. Unnin hefur verið kostnaðaráætlun vegna byggingarinnar, rekstrarmódel vegna kjarnans ásamt mögulegri fjárfestingu í tækjabúnaði.





## Samfélagið

Nokkrir viðburðir fóru fram á síðasta ári sem allir miðuðu að því að gera Vísindagarða að þungamiðju samfélagssköpunar. Þar má nefna m.a. ráðstefnuröð Alvotek í samstarfi við HÍ og Vísindagarða. Nýsköpunarsetur mennta (HÍ), Miðstöð um samfélagslega nýsköpun (HÍ) og Snjallræði (HÍ) héldu þar einnig viðburði eða hraðla á síðasta ári. Þá gerðu Vísindagarðar samning við Nýsköpunarvikuna sem mun hafa aðsetur í Mýrinni.

Á síðasta ári var jafnframt ákveðið að Vísindagarðar styrktu sex doktorsnema við HÍ en skólinn hefur umsjón með úthlutun styrkjanna. Auk þessa gerðu Vísindagarðar leigusamning við Georg - jarðvarmaklasa sem flutti í skrifstofu í Mýrinni.

Að lokum má geta þess að Vísindagarðar sóttu um að halda alþjóðlega ráðstefnu vísindagarða hér á landi árið 2023 og var töluverð vinna lögð í umsóknina í samvinnu við Íslandsstofu.







## Kynningarmál

Vísindagarðar tóku þátt í að móta og þróa verkefni sem kallast „Vísindapörpið í Vatnsmýri“ sem gengur út á að markaðssetja Vatnsmýrina sem framtíðaruppbýggingarsvæði nýsköpunar á höfuðborgarsvæðinu gagnvart erlendum aðilum. Verkefnið er samstarfsverkefni sem leitt er af Íslandsstofu og í því taka þátt auk garðanna Reykjavíkurborg, Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík og Landspítali háskólasjúkrahús.

Mörkunarvinnu fyrir Vísindagarða og Mýrina var ýtt úr vör á síðasta ári. Ákveðið var að Mýrin nýsköpunarsetur fengi ákveðið sjálfstæði þ.e. eigið lógó og vefsíðu enda starfsemin annars eðlis en Vísindagarða.

Dá var einnig unnið að uppfærslu nýrrar vefsíðu fyrir Vísindagarða sem sett var í loftið á síðasta ári og er aðgengi að henni og efni mun betra eftir breytinguna.

Rektor HÍ hefur verið mjög ötull við að kynna Vísindagarða og Mýrina og og hefur m.a. nýtt aðstöðu í Mýrinni fyrir hvers kyns fundi og viðburði. Fjöldmargir viðburðir hafa verið á hans vegum sem er afar dýrmætt fyrir Vísindagarða og við þökkum honum kærlega fyrir sýndan áhuga.

## Fjármál og endurfjármögnun

Farið var í vinnu varðandiendurfjármögnun félagsins. Leitað var til Birgis Björns Sigurjónssonar um ráðgjöf og vann hann ásamt endurskoðanda félagsins, Heiðari Þór Karlssyni, og framkvæmdastjóra að því að leita tilboða hjá fjármálafyrirtækjum um endurfjármögnun.

Leitað var til nokkurra fjármálafyrirtækja varðandi endurfjármögnun. Vextir áhvílandi lána voru lækkaðir um 25 punkta og festir til næstu fimm ára í 2,25% vöxtum í endurnýjuðum lánasamningi við Landsbankann. Jafnframt var unnið að samningi við bankann um stýringu lausafjár en þeirri vinnu er ekki lokið. Lausafjárstaða félagsins hefur styrkst hratt samhliða aukningu tekna.

Auk þess að afla tilboða í endurfjármögnun lána var leitað að hugmyndum að fjármögnun á Djúptæknikjarna og varð til dýrmæt þekking í þeirri vinnu.





**VÍSINDAGARÐAR**  
**HÁSKÓLA ÍSLANDS**